

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2014, þriðjudaginn 16. desember, kl. 10.00 kom byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis saman til **95. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður Hreiðar Bjarni Hreiðarsson, setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Vilberg Jónsson, Kommu, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi (aðflutt hús) á jörðinni Kommu, samkvæmt meðfylgjandi teikningu eftir Jónas Vigfússon, dags. 16.12.2014, verk nr. 2014.11.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. Hestamannafélagið Funi, Hólsgarði, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir að byggja dómhús við Náttfaravöll á Melgerðismelum, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningu eftir Jónas Vigfússon, dags. 16.12.2014, verk nr. 2014.10.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. Concept ehf, Skjaldarvík, Hörgársveit, sækir um leyfi fyrir breytingum á kjallara í austurálm, matsal og anddyri/gestamóttöku á fyrstu hæð í húsnæði í Skjaldarvík, sem áður var dvalarheimili aldraðra, en nú er rekið þar hótél. Meðfylgjandi teikningar eru frá teiknistofunni Kollgátu, undirritaðar af Loga Má Einarssyni, dags. 28.02.2014.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, með fyrirvara um samþykki annara aðila sem málið varðar.

4. Árni Arnsteinsson, Grjótgarði, Hörgársveit, sækir um leyfi fyrir breytingum á íbúðarhúsinu á Grjótgarði m.a. setja nýtt þak og klæða húsið að utan. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Björgvin L. Pálsson, dags. í nóv. 2014.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

5. Ásgrímur Bragi Konráðsson, Lönguhlíð, Hörgársveit, sækir um leyfi fyrir breytingum á hlöðum í fjós með tilheyrandi aðstöðu, mjaltabás og mjólkurhúsi á jörðinni Lönguhlíð, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Magnúsi Sigsteinssyni, dags. 13.11.2014, verk nr. 1082-10.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

6. Albert Jensen, Syðra-Brekkukoti, Hörgársveit, sækir um leyfi fyrir að byggja viðbyggingu við hesthús á jörðinni Syðra-Brekkukoti, samkvæmt meðfylgjandi teikningu eftir Jónas Vigfússon, dags. 16.12.2014.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

7. Jóhannes Þór Ævarsson, Hraunstíg 5, Hafnarfirði, sækir um leyfi fyrir að byggja verbúð á lóð nr. 29 við Búðagötu á Hjalteyri, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Opus ehf, dags. 8. okt. 2014, verk nr. 100901.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00

Hreiðar B. Hreiðarsson

Elmar Sigurgeirsson

Jósavin Gunnarsson

Egill Bjarnason

Björn Ingason